

Reifun á úrskurði nr. 16/2015 – Höfnun tollfríðinda fyrir búslóð

S kærði ákvörðun Tollstjóra um að hafna honum um tollfríðindameðferð vegna innflutnings búslóðar. S fór fram á að fá endurgreiddan virðisaukaskattinn sem greiddur hafði verið vegna innflutningsins. Kærandi vísar í 36. gr. virðisaukaskattslaga, sbr. 4.tl. 6. gr. tollalaga. Telur kærandi sig uppfylla öll skilyrði laga og reglugerða um undanþágu greiðslu tolla og vörugjalds vegna umrædds innflutnings hluta búslóðar, að öðru leyti en því að hann sé með lögheimili skráð í Bretlandi.

Niðurstaða: Skilyrði fyrir tollfríðindum búslóða er að finna í 1. mgr. 6 gr. tollalaga nr. 88/2005, en samkvæmt 4. tl. ákvæðisins eru búslóðir þeirra sem flytjast búferlum hingað til lands tollfrjálsar enda hafi viðkomandi haft fasta búsetu erlendis a.m.k. eitt ár áður en flust var til landsins. Frekari skilyrði fyrir tollfrelsi búslóða má finna í 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008 um ýmis tollfríðindi. Í 2. tl. ákvæðisins er gerð krafa um að innflytjandi og aðrir réttshafar tollfríðindanna, sem taka sér bólfestu hér á landi, verði með skráð lögheimili í landinu í samræmi við lög um lögheimili

Þar sem kærandi er ekki með skráð lögheimil hér á landi uppfyllir hann ekki skilyrði fyrir tollfrelsi búslóðar, sbr. 4. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 630/2008. Embætti Tollstjóra hafnar því kröfum kæranda um endurgreiðslu virðisaukaskatts.